
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 68. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 16. júní 1999, kl. 13:00
Fundarstaður: Landsvirkjun, stjórnstöð Bústaðavegi
Fundarefni: 1) Staða skráningar ársins 1998.
2) Nordel gögn.
3) Stuðlar um afhendingu raforku.
4) Gæði raforku.
5) Heimasíða fyrir START hópinn.
6) Samantekt á truflunum Landsvirkjunar.
7) Framtíð samstarfsins í START hópnum.
8) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Guðmundur I. Ásmundsson
Rúnar Svavar Svavarsson
Pétur E. Þórðarson
Hreinn Jónasson
Jakob Ólafsson
Ólafur Pálsson
Hitaveita Suðurnesja: Leó Már Jóhannsson (leo@hs.is)
Landsvirkjun: Helga Jóhannsdóttir
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

- 0) HJ sagði að Leó Már Jóhannsson kæmi með sér á þennan fundi og mundi taka sæti í hópnum fyrir hönd Hitaveitu Suðurnesja.
- 1) GIÁ sagði að skráningu ársins 1998 væri lokið hjá Landsvirkjun. PEP sagði að hjá Rafmagnsveitum ríkisins væri verið að reikna skerðingu vegna truflana síðasta árs. Hann sagði að því ætti að vera lokið í næstu viku og verða þá gögn árána 1997 og 1998 send til JV. RSS sagði að skráningu Rafmagnsveitu Reykjavíkur væri lokið fyrir síðasta ár og það sama sagði JÓ varðandi Orkubú Vestfjarða. HJ sagði að búið væri að fara yfir skráningu ársins hjá Hitaveitu Suðurnesja en eftir væri að lagfæra það sem athugasemdir voru gerðar við.

Hann gerði ráð fyrir að gögnin yrðu tilbúin í næstu viku. JV sagði að gögn fyrir síðasta ár væru komin frá Rafveitu Akureyrar og væri það í fyrsta skipti sem gögn kæmu frá þeim. JV var falið að ræða við Rafveitu Akureyrar um það hvort þeir hefðu áhuga á að taka þátt í starfi START hópsins.

- 2) GIÁ sagði að Nordel fundur yrði í ágúst í Stokkhólmi og að skila þyrfti gögnum inn fyrir 15. júlí á sama formi og áður. JV sagði að ef gögn koma í næstu viku ætti það að ganga. Ákveðið var að senda gögnin til allra í hópnum áður en þau fara út til að menn hefðu tækifæri til að koma með athugasemdir.
- 3) JV sagðist ekki hafa gengið frá greinargerð um stuðla um afhendingu raforku þar sem samþykkt hefði verið á síðasta fundi að bíða eftir gögnum ársins 1997 sem ekki eru ennþá frágengin. JV var falið að bæta árunum 1997 og 1998 inn í gögnin og senda greinargerðina síðan til fundarmanna. Þegar fundarmenn verða sáttir við greinargerðina verður hún sett út á netið. HJó sagði að athugasemdir hefðu komið við skilgreiningu á stuðlunum sem Landsvirkjun hefur verið að nota og þyrfti væntanlega að breyta þeim lítillega.
- 4) JV sagði að námskeið sem haldið var í október síðastliðnum um gæði raforku hefði tekist vel og dreifði til þeirra sem höfðu áhuga nokkrum greinum um það efni sem dreift hafði verið á námskeiðinu. Spurning væri hvort hópurinn hefði hug á því að vera samræmingaraðili hvað þetta verðar milli veitnanna en búast mætti við að hugað þyrfti meira að þessum málum í framtíðinni samhliða skipulagsbreytingum á raforkukerfinu. RSS sagði að Orkuveita Reykjavíkur ætti eitt mælitæki til að mæla flesta þætti varðandi gæði raforku. Ákveðið var að fela JV að taka saman upplýsingar um þá þætti sem hér væri um að ræða og RSS ætlar að sýna mælingar frá tæki Orkuveitunnar á næsta fundi.
- 5) Heimasíða START var skoðuð. Ákveðið var að setja skýrslu Orkustofnunar um truflanir á síðuna og ætlar ÓP að senda JV skýrsluna í tölvupósti. Einnig var samþykkt að setja fundargerðir hópsins á netið og verða þær settar þangað 2 ár aftur í tímann.
- 6) HJó fór yfir truflanir í kerfi Landsvirkjunar og sagði að skýrsla um truflanir síðasta árs væri komin út og eiga allir fundarmenn að hafa fengið hana senda. Hún sagðist hafa kynnt þessar niðurstöður fyrir starfsmönnum Landsvirkjunar um land allt.

- 7) JV sagði að eitthvað hefði slaknað á skráningunni hjá sumum aðilum og spurning væri hvernig menn sæju þetta samstarf í framhaldinu. GIÁ sagðist fremur sjá að skráningin yrði gerð ítarlegri fremur en að hún mundi minnka og að hún yrði samræmd viðhaldskerfum. PEP sagði að þeir væru að fara láta breyta skráningarkerfinu hjá sér. RSS benti á að ekki hefði verið haldinn fundur með skráningaraðilum lengi og var samþykkt að halda slíkan fund næsta haust og gætu þá veiturnar kynnt niðurstöður úr sinni skráningu sem jafnvel gæti verið áhugavert fyrir fleiri aðila.
- 8) JV sagði að tölur um skort væru komnar til ára sinna og spurning væri hvort ekki væri rétt að uppfæra þann hluta sem byggist á hagtölum og út frá því endurskoða þær tölur sem koma fram í tillögum hópsins frá 1996. Samþykkt var að gera þetta. Rætt var um að Orkustofnun uppfærði skýrslu um truflanir á landinu með gögnum árána 1997 og 1998. ÓP sagði að Bergur Jónsson væri farinn á eftirlaun og mundi því væntanlega ekki sjá um það. ÓP ætlar að kanna hvernig Orkustofnun vill standa að þessu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson